

**Ed.**

**174. Nefndarálit**

um frv. til laga um innflutningsbann á dýrum o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og átt um það allitarlegt tal við dýralækninn í Reykjavík. Hefir hún sannfærst um, að frv. er mjög sniðið eftir iögum þeim, sem gilda í þessu efni hjá nágrannahjóðunum, sjerstaklega Norðmönnum. Og þar sem þörfin á fullkomnum varúðarreglum gagnvart innflutningi næmra húsdýrasjúkdóma er eigi síður brýn hjá oss en öðrum þjóðum, þá vill nefndin mæla með því, að frv. þetta nái fram að ganga með tveimur smávægilegum breytingum, er eigi raska að neinu leyti efni þess, heldur snertir önnur þeirra eingöngu formið og hin er til frekari skýringar.

**BREYTINGARTILLÖGUR.**

1. Við 2. gr. Í staðinu fyrir orðið »skylt« komi: heimilt.
2. Við 2. gr. Á eftir orðinu »sláturafurðum« komi: ósoðinni.

Alþingi, 17. mars 1926.

Eggert Pálsson,  
form. og frsm.

Gunnar Ólafsson.

Ágúst Helgason.